

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2018

2020/EES/71/15

frá 31. maí 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/401 frá 14. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar flokkun flugbrauta ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 66nh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 0401**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/401 frá 14. mars 2018 (Stjttð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/401, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 72, 15.3.2018, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.